

Kennsluáætlun

Áfangiheiti: BRID1BY03/BRID1BY05 – Byrjendaáfangi í bridge

Kennari:

Netfang:

Námsefni/bækur:

Öll gögn og námsefni eru útveguð í kennslustundum.

Áfangalýsing:

Í þessum grunnáfangi í bridge er farið í alla helstu grunnþætti spilsins. Nemendur byrja á því að læra einfaldaða útgáfu sem nefnist míníbridge þar sem stigagjöf, spilamat, úrspilun og vörn eru í forgrunni. Í framhaldi af því er farið að spila hefbundinn bridge með notkun sagnkerfis. Í þessum grunnáfangi læra nemendur Standard sagnkerfið í nokkuð einfaldri mynd. Í kennslustundum er blandað saman æfingum og spilamennsku. Töluvert er spilað á internetinu og skrá nemendur sig á BridgeBase þar sem hægt er að setja upp ákveðna tegund af spilahöndum og greina síðan spilin í hópumræðum á eftir. Öll kennsla fer fram í húsnæði Bridgesambandsins í Síðumúla 37, 3. hæð. Nemendur í skólum utan höfuðborgarsvæðisins geta tekið þátt í gegnum Teams. Samhliða kennslunni geta þeir nemendur sem vilja ljúka 5 einingum tekið þátt í byrjendamótum á mánudagskvöldum og þurfa að hafa tekið þátt í ákveðið mörgum mótum yfir önnina.

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflar sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Míníbridge
- grunnreglum í Bridge
- mismunandi stigakerfum
- standard sagnkerfinu
- notkun sagnabakka og hegðunarreglum við spilaborðið
- notkun bridgeforrita á netinu og hegðunarreglum í netheimum

Að nemandi hafi öðlast leikni í að:

- meta styrk spila og tjá þann styrk með sagnkerfi
- vinna með spilafélaga til að ná réttum samningi
- gera spilaáætlun sem sagnhafi til að ná hámarksfjölda slaga
- vinna með spilafélaga í vörn með leyfilegum merkingum

- reikna út stig á mismunandi formi

Að nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna samvinnu og umburðarlyndi með spilafélögum
- vinna skipulega að settum markmiðum
- þróa sinn eigin spilastíl
- þróa hæfni í áætlunargerð
- spila bridge sér til ánægju og yndisauka

Námsmat:

Vægi þátta í lokaeinkunn: Sambland af þátttöku í tímum og verkefni sem unnin eru mynda lokaeinkunn. Þeir sem standast áfangann fá einkunnina staðið.

Yfirlit annar (birt með fyrirvara um breytingar)

Vika	Dagsetningar	Viðfangsefni
33		Inngangur
34	22. - 26. ágúst	Minibridge
35	29. ágúst - 1. sept	Minibridge
36	4. – 8. september	Sagnir 1
37	11. – 15. september	Úrspil/vörn 1
38	18. – 22. september	Úrspil/vörn 1
39	25. – 29. september	Úrspil/vörn 1
40	2. – 6. október	Sagnir 2
41	9. – 13. október	Úrspil/vörn 2
42	16. – 20. október	Úrspil/vörn 2
43	23. – 27. Október	Úrspil/vörn 2
44	30. október – 3. nóv	Sagnir 3
45	6. – 10. nóvember	Úrspil/vörn 3
46	13. – 17. nóvember	Úrspil/vörn 3

47	20. – 24. nóvember	Úrspil/vörn 3
48	27. nóvember - 1. deember	Úrspil/vörn 3
49 -50	4. - 11. deember	Framhaldsskólamót?

Annað sem kennari vill láta koma fram:

Þátttaka í tímum er mjög mikilvæg, hvort sem er á staðnum eða á netinu. Nemendur þurfa að skrá sig á www.bridgebase.com en skráning er ókeypis.

Og eitt að lokum: ef eitthvað er óskýrt, verið þá dugleg að spyrja ☺